



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 13. apríl 2018

Ákvörðun nr. 11/2018

## **Beiðni Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Mílu ehf. um undanþágu frá samkeppnislögum fyrir lagningu á ljósleiðara**

### I.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá Mílu ehf. (Míla) og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR), dags. 14. mars 2018, þar sem óskað var eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 frá bannákvæðum 10. og 12. gr. sl. Um er að ræða afmarkað og tímabundið verkefni sem felst í fyrirhuguðum samningi milli félaganna um framkvæmdir og jarðvegsvinnu í tengslum við lagningu ljósleiðara og kaupskyldu á innviðum og ljósleiðaralögnum.

### II.

Í lýsingu á umfangi mögulegs samstarfs Mílu og GR segir að aðilar muni gera með sér skriflegan samning um verkefnið. Í samningnum muni koma fram að hvor aðili um sig taki að sér framkvæmdir við lagningu tveggja ljósleiðaraneta og innviða á afmörkuðum svæðum innan höfuðborgarsvæðisins. Þau svæði eigi það sammerkt að hvorugur aðila hafi lagt þar ljósleiðaranet. Framkvæmdin muni verða með þeim hætti að hvort félag fyrir sig taki að sér öll framkvæmdastig á tilteknu svæði og leggi tvöfalt ljósleiðaranet á viðkomandi svæði, eitt fyrir hvorn aðila. Þetta feli í sér hönnun, undirbúning, útboð, verkstýringu, gæðaeftirlit, jarðvegsvinnu og efniskaup á viðkomandi framkvæmdasvæði. Það félag sem ekki leggi ljósleiðaranet á viðkomandi svæði skuldbindi sig til að kaupa annað ljósleiðaranetið af því félagi sem leggi tvö net á svæðinu.

Hvort fyrirtæki um sig semji við verktaka um framkvæmdir á viðkomandi svæði og fái aðgang að upplýsingum um innviði hins fyrirtækisins til þess að skipuleggja framkvæmdir, kanna möguleika á nýtingu annarra innviða, búa til framkvæmdaplan, fá framkvæmdaleyfi og auglýsi framkvæmdir. Við lok framkvæmdastigs skuldbindi aðilar sig til að kaupa á fyrirfram ákveðnu föstu verði hvert inntak ljósleiðaranets sem hinn aðilinn hafi lagt ásamt innviðum þess gegn afhendingu á því. Eftir afhendingu verði samstarfi aðila á grundvelli samningsins lokið og framkvæmd samkvæmt honum felld niður.

### III.



Í framangreindu bréfi kemur fram að samstarfsverkefnið felist í því að Míla og GR muni leggja tvö sjálfstæð ljósleiðarakerfi sem verði tæknilega aðskilin og sjálfstæð. Hafi aðilar fram til þessa hvor um sig byggt upp sjálfstæð ljósleiðarakerfi og lagt ljósleiðara og aðra innviði. Ljósleiðaravæðing höfuðborgarsvæðisins sé langt komin og sé í dag um 96% heimila tengd við ljósleiðara og því um 4% sem á eftir að tengja við ljósleiðara. Fjöldi heimila sem samningur aðila muni ná til sé aðeins um 2,6% af heildarmengi heimila sem noti Internet, sbr. upplýsingar úr tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar. Heimili með Internettengingu séu 130.131 talsins og fjöldi heimila sem samkomulag aðila muni ná til sé 3.432 talsins.

Til að verkefnið skili tilætluðum árangri telji aðilar að þeir þurfi að geta skipst á hönnunargögnum við samræmingu og skipulag verkframkvæmda. Í því felist að félögin þurfi að veita aðgang að og afhenda gögn og upplýsingar um fjarskiptakerfi og ljósleiðarakerfi að því marki sem nauðsynlegt sé fyrir verkefnið, fyrirbyggjandi innviði á hönnunarstigi, framkvæmdastigi og við lok framkvæmda. Auk þess þurfi hvor framkvæmdaaðili að afhenda hinum, þ.e. kaupanda á sínum hluta ljósleiðaranetsins, raungögn um framkvæmdir (hnitasett) sem sýna staðsetningu röra, strengja og þráða. Upplýsingaskiptin séu tímabundin og varði eingöngu við hönnun og skipulag framkvæmda þann tíma sem unnið sé að framkvæmdunum. Eftir að lagningu ljósleiðaranets verði lokið muni upplýsingaskipti ekki eiga sér stað.

Tekið er fram að starfsmenn Mílu og GR muni ekki eiga í samstarfi eftir að framkvæmdum og kaupum á ljósleiðaraneti sem samstarfið ná til lýkur. Ljósleiðarakerfin séu sjálfstæð og rekstur þeirra og viðhald sé ekki háð samstarfi aðila.

#### IV.

Markmið samningsins sé að byggja bæði á hagkvæmni- og hagræðingarsjónarmiðum auk þess að lágmarka ónæði og röskun sem óhjákvæmilega fylgi framkvæmdum við ljósleiðaralagnir í götum og á svæðum bæjar- og sveitarfélaga. Hafi sveitarfélög lagt mikla áherslu á að félögin nýti saman jarðvegsframkvæmdir þar sem því verði við komið. Það sé mat aðila að framangreint samstarf, eins og því er lýst í sameiginlegu bréfi þeirra, muni hafa jákvæð áhrif á samkeppni og auka valkosti neytenda með því að komið verði á fót tveimur sjálfstæðum ljósleiðaranetum á þeim svæðum sem samningur aðila ná til. Telji samstarfsaðilar að beiðni þeirra uppfylli öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga, sbr. nánar hér á eftir.

Í fyrsta lagi telji aðilar að hið afmarkaða samstarf muni stuðla að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu og efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir. Það felist í því að samstarfið muni stytta framkvæmdatíma og þ.a.l. flýta aðgengi notenda að ljósleiðara frá tveimur keppinautum og stuðla þar með að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði neytendum til hagsbóta.

Í öðru lagi telji aðilar að samningurinn muni veita neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af hljótist þar sem kostnaður við stofnfjárfestingu í ljósleiðara og innviðum verði lægri en annars yrði. Neytendur muni fá aðgang að háhraðatengingu og fjarskiptafyrirtæki, t.d. í smásölu, muni fá aðgang að fleiri innviðafyrirtækjum. Telji aðilar að með framangreindu samstarfi í uppbyggingu á háhraðatengingu, þar sem áður var



einungis Míla fyrir á markaði með kopartengingu, sé stuðlað að aukinni samkeppni á heildsölu- og smásölu markaði.

Í þriðja lagi telji aðilar að samningurinn muni ekki leggja höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf séu til að settum markmiðum verði náð. Telji aðilar í þessu sambandi að framangreindur samningur muni leiða af sér jákvæð efnahagsleg áhrif. Markmiðið sé að byggja upp tvö sjálfstæð ljósleiðaranet með sem minnstum tilkostnaði. Fyrirkomulag í samningi aðila sé þannig að samstarfið sé tímabundið og afmarkað.

Í fjórða lagi telji aðilar að samningurinn veiti þeim ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því sem varði verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um sé að ræða. Hvor aðili muni eftir sem áður reka sitt eigið sjálfstæða ljósleiðarakerfi og selja fjarskiptafélögum fjarskiptaþjónustu í heildsölu. Samstarfið leggi engin höft á Mílu eða GR þegar markmiðum samningsins hafi verið náð og að ekki verði séð að hann hamli samkeppni eða samstarfið skaði samkeppni eða hagsmuni neytenda að mati aðila.

Í framangreindu bréfi Mílu og GR kemur fram að aðilar vinni að endanlegri útfærslu samningsdraga sem send verði Samkeppniseftirlitinu þegar þau liggi fyrir.

#### V.

Undirritaður samningur um framkvæmdir milli Mílu og GR auk viðauka barst Samkeppniseftirlitinu með tölvupósti þann 23. mars 2018. Er samningurinn í samræmi við lýsingu um markmið og framkvæmd samstarfsins sem fram kom í bréfi aðila til Samkeppniseftirlitsins, dags. 14. mars 2018.

Það er markmið með samningi Mílu og GR að auka hagkvæmni og hagræðingu við lagningu ljósleiðara auk þess að lágmarka ónæði og röskun sem fylgir slíkum framkvæmdum í götum og á svæðum bæjar- og sveitarfélaga. Að mati Mílu og GR hafi tímabundið og afmarkað skilgreint samstarf þeirra jákvæð áhrif á samkeppni og muni auka valkosti neytenda með því að komið verði á fót tveimur sjálfstæðum ljósleiðaranetum á þeim svæðum þar sem samningur aðila nái til. Telja samstarfsaðilar að beiðni þeirra uppfylli öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga eins og framar er lýst.

Með tölvupósti Samkeppniseftirlitsins þann 28. mars 2018 var óskað eftir sjónarmiðum Póst- og fjarskiptastofnunar um framangreint samstarf Mílu og GR og gerði stofnunin ekki athugasemdir við það samkomulag sem félögin höfðu komið sér saman um. Auk þess leitaði Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum Hringiðunnar ehf. (Hringiðan), Inter – samtaka aðila er veita Internetþjónustu (Inter), Sýn hf. (Vodafone), Hringdu ehf. (Hringdu) og Nova ehf. (Nova) með tölvupóstum þann 5. apríl 2018. Í umsögnum Hringiðunnar, Inter og Hringdu var lýst yfir stuðningi við samstarfið og gerði Nova ekki athugasemdir við það. Umsögn Vodafone var í tveimur liðum. Í fyrri liðnum gerir Vodafone ekki athugasemdir við fyrirkomulag samstarfsins hvað varðar lagningu ljósleiðara til heimila svo framarlega að tryggt sé að hagræði af því skili sér til neytenda. Í seinni liðnum telji Vodafone samstarf viðkomandi fyrirtækja um lagningu ljósleiðara til fyrirtækja og tenginga milli t.d. símstöðva eða stofnleiða vera óeðlilegt. Með því að takmarka lagningu á slíkum ljósleiðurum við tvö fyrirtæki sé verið sé að útiloka aðra að eignast ljósleiðara á sama kostnaðargrunni. Hafi Vodafone áhuga á að eignast þannig ljósleiðara og telji að það sé hægt með því að setja



samstarfsaðilum skilyrði um að bjóða Vodafone þátttöku í lagningu á slíkum ljósleiðara gegn hlutdeild í kostnaði.

Eins og frammar segir nær samningur aðila til um 2,6% af heildarmengi heimila sem noti Internet. Þar sem málið varðar afmarkað samstarf um lagningu ljósleiðaraheimtauga í íbúðahverfum þá telur Samkeppniseftirlitið að seinni liður í umsögn Vodafone eigi ekki við í þessu máli.

Með hliðsjón af öllu framangreindu gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við mat Mílu og GR á áhrifum samkomulagsins, sbr. 15. gr. samkeppnislaga, enda einskorðist samstarfið við að nýta sömu framkvæmdir til þess að leggja tvö ljósleiðaranet sem verði tæknilega aðskilin og sjálfstæð og skapi þannig grundvöll til samkeppni um hlutaðeigandi viðskiptavini. Einnig verði tryggt að samstarfið einskorðist við þetta og feli ekki í sér neins konar samráð um aðra þætti, s.s. verð eða þjónustu til viðskiptavina. Þá verði eftirlitsnefnd samkvæmt ákvörðun nr. 6/2015 falið að fylgjast með samstarfinu á grundvelli þessarar undanþágu. Framangreind skilyrði eru sett í ákvörðunarorði.

Með hliðsjón af framangreindu veitir Samkeppniseftirlitið hér með umbeðna undanþágu.

## VI.

### Ákvörðunarorð:

#### 1. gr.

**Mílu ehf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. er veitt undanþága á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr 44/2005 til að eiga í samstarfi um að nýta sömu framkvæmdir til þess að leggja tvö ljósleiðaranet með þeim forsendum að þau verði tæknilega aðskilin og sjálfstæð og skapi þannig grundvöll til samkeppni um hlutaðeigandi viðskiptavini. Einnig skulu framangreindir aðilar tryggja að samstarfið einskorðist við þetta og feli ekki í sér neins konar samráð um aðra þætti, s.s. verð eða þjónustu til viðskiptavina.**

#### 2. gr.

**Eftirlitsnefnd um Jafnan Aðgang Fjarskiptafélaga, samkvæmt ákvörðun nr. 6/2015, Skipulag Símasamstæðunnar og aðgerðir til að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði – Breyting á ákvörðun nr. 6/2013, er falið að fylgjast með samstarfinu á grundvelli þessarar undanþágu.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson